

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Hnaus 2, landnr. 192333.

Breytingin felur í sér meðal annars að borhola neysluvatns og dæluhús eru staðsett um 150 m sunnan við hótélbyggingu og er samkomusvæði fært fjær borholunni. Byggingarreitur fyrir hótél er lítillega stækkaður og jarðhýsi og hreinsivirki staðsett innan hans. Einnig er breyting vegna ákvæða um efnistöku á landinu. Lóðamörkum lóða nr. 1-4 er hnikað til. Samþykkt í sveitarstjórn 16. maí 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. ágúst 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. ágúst 2018